

## **Aukaaðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.**

haldinn að Hótel Selfossi miðvikudaginn 27. júní 2007, kl. 12:00

Mætt. Elva Dögg Þórðardóttir, Ólafur Áki Ragnarsson, Örn Þórðarson, Gunnar Örn Marteinnsson, Margrét Sigurðardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Ingvarsson, Margeir Ingólfsson, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Formaður Elva Dögg setti fundinn og tilnefndi Ólaf Áka fundarstjóra og Guðmund Tryggva fundarritara, var það samþykkt án athugasemda. Fundurinn var úrskurðaður lögmætur.

Formaður gerði grein fyrir fyrirbyggjandi tillögu sem er eftirfarandi; Félagssfundur samþykkir að veita stjórn heimild til að ganga frá kaupum á hluti í Förgun eins og kynnt hefur verið í fyrirbyggjandi hluthafasamningi.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Nokkrar spurningar komu fram um afsetningu afurða verksmiðjunar en Landbúnaðarstofnun er með í endurskoðun reglur um meðhöndlun sláturúrgangs og notkun afurða úr slíkum úrgangi. Fundarmenn lýstu annars ánægju sinni með að meðhöndlun sláturúrgangs væri að komast í réttan farveg.

Þá bar fundarstjóri upp tillöguna

**“Félagssfundur samþykkir að veita stjórn heimild til að ganga frá kaupum á hluti í Förgun eins og kynnt hefur verið í fyrirbyggjandi hluthafasamningi.”**

sem var samþykkt án athugasemda.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 12:35.